

Hafnarfirði 14.11.2015.

Skipulags og byggingaráð,

Bt. Ólafs Inga Tómassonar formanns,

Strandgötu 4.

Efni: Gunnarsbær – Gunnarsund 1.

Undirritaðir óska eftir því við skipulags og byggingaráð Hafnarfjarðar að kannaðir verði möguleikar að fá lóð úthlutaðri við Gunnarsund 1, þe. lóðina sem Gunnarbær hinn eldri er talinn hafa staðið. Gunnar Gunnarsson sem byggði Gunnarsbæ var langafi bréfrítara.

Hugmyndin er sú að endurbyggja í upprunlegri mynd Gunnarsbæinn á lóð þeirri sem hann stóð á þegar hann var byggður 1865, en bærinn brann 1902.

Í meðfylgjandi gögnum frá Byggðasafni Hafnarfjarðar og fleirum eru greinagóðar lýsingar á Gunnarbæ hinum eldri og ábúendum, bæði ritaðar af samtíðarmönnum og öðrum.


Ef af verður eru möguleikar á nýtingu hússins fjölmargir, þar mætti koma fyrir sýningum af ýmsu tagi frá td. Byggðasafni Hafnarfjarðar á munum frá þessum tíma. Ekki munu vera mörg hús í bæjarlandi Hafnarfjarðar uppstandandi frá þessum tíma. Hugmynd þessi hefur verið kynnt forstöðumanni Byggðasafns Hafnarfjarðar og fleiri aðilum.

Með von um jákvæðar undirtektir,



Sturla Haraldsson, byggingameistari,

Suðurgötu 11, Hafnarfirði.



Ingimar Haraldsson,

Hverfisgötu 45, Hafnarfirði



Gunnarsbærinn um 1865- 1902.

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Gunnarsbærinn



Gunnarsbærinn fyrir miðri mynd um 1900.



Gunnar Gunnarsson f. 17.03.1842 d.09.06.1921

Kom til Hafnarfjarðar 1859

Er vinnumaður í Hraunprýði 1860

Er húsbóndi í Gunnarsbæ 1870

Gunnarsbærinn rifinn 1902

Gunnarshúsið (Gunnarssund 1) byggt 1904 (samkvæmt spjaldskrá) viðbætur 1925 (samkv.spjaldskrá)

Gunnarssund 1 rifið 1991.



Gunnarssund 1 um 1980.

Rifið 1991

Fjarðarpósturinn 9.árg.11.04.1991 bls.12

Bygginganefnd vítir embættismann bæjarins

Bygginganefnd vitti embættismenn nýverið vegna þess að húsið Gunnarssund 1 var rifið, án tilskilins leyfis frá byggingarnefnd.

Nefndin bókaði á fundi sínum 20. mars: „Það er óeðlilegt að embættismenn bæjarins þurfi ekki að lúta sömu lögmálum og aðrir sem sækja erindi til bygginganefndar. Byggingafulltrúi tekur undir bókun bygginganefndar.“ Bókunin er tilkomin þar sem þá lá fyrir beiðni bæjarverkfræðings um rif á húsinu, sem þá þegar hafði verið rifið.



Hafnarfjörður 1903

Arahús

Þar sem nú er Linnetsstígur

Þar sem síðar varð Gunnarssund

Vísir að Miðsundi

Mjósund

Lýsing Sigurjóns Gunnarssonar á Gunnarsbænum, handrit Írisar Kristjánsdóttur, Gísli Sigurðsson tók saman. Bls. 484.

„Hann stóð þar sem húsið Gunnarssund 1 stendur nú. Ég hygg að breidd bæjarins hafi verið 7 álnir, en lengdin 14 álnir. Bærinn sneri frá austri til vesturs, eða fram á höfnina. Út úr miðri suðurhliðinni var skúr, en annars voru útveggir hlaðnir úr steini. Timburgaflar voru á bænum og timburpak en listar yfir samskeytum. Síðar var þakið spónlagt. Dyrnar á skúrnum sneru fram og þegar inn var komið var hann þiljaður í sundur, og efri helmingur hans notaður fyrir geymslu. Úr fremri hlutanum voru dyr inn í gang, sem lá þvert í gegnum bæinn og var gangahurðinni haldið aftur með draglóði. Þeim megin er að sjónum vissi var íbúðin rúmlega tveggja rúma langt herbergi. Í því var borðað, setið og sofið, og á veturna unnið allt það af vinnu er ljós þurfti við og ekki var hægt að vinna úti. Vanalega voru þarna tvö rúm. Borð milli þeirra undir glugga og stólar beggja megin. Stólarnir voru þannig, að hægt var að leggja þá saman (kjaftstólar) og láta þá hvar sem var. Fyrir aftan annað rúmið var laus skápur er matur var geymdur í og upp af honum fastur hornskápur fyrir bolla og kaffi áhöld. Eldavél, svokölluð „kamína“, var við skilrúmið milli gagnsins og svefnherbergisins. Þessar „kamínur“ voru ferhyrndar og jafnar á allar hliðar með hringjum og jafnframt því sem hitað var upp herbergið með henni mátti elda á henni þar sem fátt var í heimili, en lítið var gert að því að elda á henni hjá okkur.

Rúmin voru lausarúm og þannig smíðuð að hægt var að draga þau sundur á hliðunum á daginn var þeim ýtt saman og snyrtilega búið um þau. Var þá alls ekki lítið gólfrymi, enda kom það sér vel. Því

mjög var gestkvæmt heima. Og svo var í þessu herbergi á veturnum allt unnið er gera þurfti. T.d. var þarna unnin öll ullarvinna, spunninn hampur, bætt net og riðin ný, settar upp lóðir og yfirleitt allt gert, sem gera þurfti að veiðarfærum. Af þessari lýsingu má máskulega ætla að sóðalegt hafi verið inni, en það var öðru nær en að svo væri, að minsta kosti eftir því þá var að gera víðast hvar. Gólfíð var ætíð vel þvegið, snyrtilega búið um rúmin, og aldrei setið á þeim, né lagt á þau. Það sem unnið var. Þegar búið var að kveikja var hengd hvít léreftsgarína fyrir gluggann að neðan, en kappi var ætíð að ofan. Olíulampi hékk niður úr miðju loftinu í látúnsumgerð, er ætíð var vel fægð, þó ekki væri það með öðru en ösku, og skermurinn og olíugeymirinn voru úr svokölluðu postulíni. Kommóða stóð einnig undir annarri hliðinni. Mig minnir að loftið hafi verið slétt og eins þiljurnar, er voru klæddar í fylning.


Ég hygg að hæðin undir loft hafi verið 3 til 3 ½ áln. og loftið klætt ofan á bitana, en ekki þiljað neðan á þá. Á hægri hönd þegar inn var komið, var gengið í eldhúsið, og var það sem næst eins tórt og íbúðarherbergið. Í (eld) húsinu var á vinstri hönd innan við dyrnar, hlóðir og reykfáfur upp af. Fyrst framan af stóð í einu horninu kvörnin, en seinna var hún flutt fram í geymsluna í skúrnum. Í kvörninni var malað bæði grjón og rúgur í brauð og kökur, því mest af brauðinu var bakað heima. Ef ekki vannst tími til að baka heima, var farið með mjölið í bakaríið og skipt á því og brauði, fyrir sex punda mjöls fékk maður heilt brauð, en borga þurfti 11 aura í bökunarlaun á hvert brauð. Á öllum veggjum í eldhúsinu héngu veiðarfæri, en á gólfinu meðfram veggjum stóðu tunnur og kurnur, er geymdur var í jarðaravöxtur og það sem hægt var að hafa að sér á haustinn af vetrarforða. Í efra horni eldhússins var stigi upp á loft. Var fyrst komið upp á framloftið og þar sváfu eldri bræðurnir, en inn af svokölluðu framlofti var innréttað herbergi og ýmist leigt skólapiltum eða lausamönnum og þar bjó bróðir minn fyrst eftir að hann gifti sig.

Þó að faðir minn væri sjómaður, þá hafði hann samt sjálfur smíðað bæinn og allt sem í honum var. Hann smíðaði bæinn áður en hann kvæntist og flutti síðan í hann með konu sína.

Frá Strandgötunni og heim að bænum ruddi faðir minn braut það breiða að hægt var að setja sexæring þar upp því á veturna hvolfdi hann skipi sínu þar í suðri, svo það væri öruggt fyrir sjávarágangi. Þessi vegarspotti var kallaður Gunnarssund. Er kaupstaðurinn fékk bæjarréttindi og byrjað var að leggja götur og gefa þeim nöfn var þessi gata nefnd Gunnarssund með samþykki flestra bæjargullrúa. Fannst þeim vel til fallið að gatan bæri heiti þess er fyrstur hafði mótað hana.

Lítið hefur verið um samkomuhús er Gunnarsbær var byggður því þó bærinn væri ekki stærri en þetta, sem áður hefur verið getið, þá voru þar samt, eða svo sagði faðir minn, haldin um 20 böll veturinn sem hann var óþiljaður sökum efnisskorts.“

Eins og áður kemur fram var Gunnarsbærinn rifinn árið 1902 og húsið sem síðar varð Gunnarssund 1 byggt.



Gunnarssund 1913

Byggingarár hússins er 1904, samkvæmt spjaldkrá frá 1980.

Í manntali 1910 er svo skráð „ Hús Gunnars Gunnarssonar, íbúðarhús. Eigandi Gunnar Gunnarsson. Húsið er byggt úr tré, 1,1 herb. „1 herbergi leigt til Guðrúnar Guðnadóttur“, 2,1 eurb. 3,3 herb.

Í fyrstu manntalsskráningu sem gerð var fyrir Hafnarfjörð 1913 fyrir árið 1914 er gatan „Gunnarssund“ og húsið númer 1.

Fasteignamat Hafnarfjarðar var skráð á árunum 1916-1920 nákvæmari dagsetning er ekki á þeim, en Gunnarssund 1 er skráð sem íbúðarhús að stærð 6,40x5,80 m², hæð 3,45m.

Lóðamat Gunnarssund 1. Eigendur Gunnar og Þórarinn Gunnarsson.

Gunnarssund 1.

Eigendur Gunnar og Þórarinn Gunnarsson


Láta skráð af þessum héraði Gunnarssundsey 47 mörum, þá þessum með 12 þórári-
Erlaussonum, 17 mörum, og einni að málkúru leiti
með þessum lóð þessum Gunnarssundsey. Þrá st-
dum til landvörðs með þessum lóð Gunnarssund-
sey 17 mörum, þá þrá skráð til land-
vörðs, með þessum góða þrá, er Gunnarssundsey þessi
þórári til skráðar, 18 mörum, þá þrá útendur til
landvörðs með þessum góða 7,5 mörum, og einni
þessum með Gunnarssundsey 9 mörum.
Þrá láta þessum all að flakandi 505 þórári.
A málkúru þessum einni, svo að þessi Gunnarssund-
sey Gunnarssonar hafa skráð og einni af þessum lóðum.
græðit. Þessi í argald af þessum 8-atta þórári.
svo og að skráð þessum, ein af þessum þórári góða
þrá til skráðar.
Aðeigi góða þórári. 23. nóv. 1916.

Lóðamat skráð 1920

Hafnarfjörður um 1920




Gunnarssund 1 fyrir miðri mynd.



Fasteignamat Hafnarfjarðar 1916-1920

Brunavirðing Brunabótafélags Íslands. Gunnarssund 1. 29 ágúst 1917.



Brunavirðing bók B bls. 198 og 199









G U N N A R S B Æ R

1868		Anna Gunnarsd.	1 ár.
Gunnar Gunnarss.	26 ár.	Sigurður Steingrímss.	51 .
Margrét Sigurðard.	24 .	x. Gestur Bárðarsonvm.	45 .
Jón Hjörtur Gunnarss.	1 .	Margrét Jónsd.	46 .
Ingileif Arentsd. vk.	24 .	Páll Gestsson	13 .
x. Metta Jónsd.	58 .	zx. Sig. Jónsson	3 í heimili
Björn Jónss.	24 .	<u>1875</u>	
<u>1869</u>		Gunnarsfólk 5 í heimili	
Gunnarsfólk 3 í heimili		Sigurður Steingrímss.	52 .
Helga Gestsd.	18 .	Sigurður Björnss.	17 .
x. Mettufólk 2 í heimili		Margrét Guðmundsd.	27 .
<u>1870</u>		x. Jón Kolbeinss.	50 .
Gunnarsfólk 3 í heimili		Pórdís Snorrad.	54 .
Vilhjálmur Gunnarss.	0 .	Halld. Magnús Gíslas.óm	4 .
Vilborg Jónsd.	23 .	<u>1876</u>	
x. Mettufólk 2 í heimili		Gunnarsfólk 5 í heimili	
<u>1871</u>		Sig. Pétur Bjarnas.	10 .
Gunnarsfólk 4 í heimili		Margrét Guðmundsd.	23 .
Ólaf Guðnason r. á.óm.	25 .	<u>1877</u>	
Vilborg Sveinssd.	25 .	Gunnarsfólk 5 í heimili	
x. Mettufólk 2 í heimili		Sigurjón Gunnarss.	1 .
<u>1872</u>		Þorvaldur Mielss.	24 .
Gunnarsfólk 4 í heimili		Guðrún Gíslad.	43 .
Sigurður Steingrímss.	49 .	Halldór Eggertsson	71 .
Ólaf Guðmundsd. vk.	28 .	<u>1878</u>	
<u>1873</u>		Gunnarsfólk 6 í heimili	
Gunnarsfólk 4 í heimili		Ragnhildur Björnssd.	31 .
Ólaf Guðmundur Gíslas. vm.	28 .	<u>1879</u>	
Margrét Guðmundsd.	25 .	Gunnarsfólk 6 í heimili	
Sigurður Steingrímss.	50 .	<u>1880</u>	
Sigurður Jónss.	24 .	Gunnar Gunnarsson	38 .
Ólaf Ólafsd.	22 .	Margrét Sigurðard.	36 .
Ólaf Ólafsd.	1 .	Jón Hjörtur	13 .
<u>1874</u>		Vilhjálmur	19 .
Gunnarsfólk 4 í heimili		Ólaf Ólafsd.	24 .
		Sigurður Jónsd.	41 .

1881.

1881

Gunnarsfólk 6 í heimili
Sigríður Bjarnad. 21 ár.

1882

Gunnarsfólk 6 í heimili
Guðríður Björnsd. 24.
Haflíði Þorsteinss. 26 .

1883

Gunnarsfólk 6 í heimili
Þórarinn Gunnarss. 1 .
Guðríður Björnsd. 25 .
Haflíði Þorsteinss. 27 .

1884

Gunnarsfólk 7 í heimili
Hjúin 2

1885

Gunnarsfólk 7 í heimili
Guðríður Björnsd. 27 .

1886

Gunnar Gunnarsson 44 .
Jón Hjartur 19 .
Vilhjálmur 16 .
Anna 12 .
Sigurjón 9 .
Þórarinn 4 .
Guðríður Björnsd. 28 .
Hólmfríður Jónsd. b. st. 32 .

1887

Gunnarsfólk 6 í heimili
Steinunn Jónsd. Búst. 31 .
Sigríður Ísaksd. 40 .

1888

Gunnarsfólk 6 í heimili
Steinunn Jónsd. 32 .
Ingibjörg Andrésd. 18 .

1889

Gunnarsfólk 6 í heimili
Guðlaug Vigfúsd. býst. 35 ár.
x. Jón Hj. Gunnarss. 23 .
Steinunn Jónsd. 33 .

1890

Gunnar Gunnarss. 48 .
Vilhjálmur 20 .
Anna Jakobína 16 .
Sigurjón 9 .
Þórarinn 6 .
Guðlaug Vigfúsd. 33 .
x. Jónsfólk 2 í heimili

1891

Gunnarsfólk 6 í heimili
Jónsfólk 2 í heimili

1892

Gunnarsfólk 5 í heimili
Vilhjálmur Gunnarss. 22 .
Magnea Egilsd. 22 .
x. Jónsfólk 2 í heimili
Margrét Jónsd. 1 .

1893

Gunnar Gunnarss. 50 .
Guðlaug Vigfúsd. 36 .
Sigurjón 14 .
Þórarinn 11 .
x. Jónsfólk 3 í heimili
Þórcís Guðmundsd. 17 .

1894

Gunnarsfólk 4 í heimili
x. Jónsfólk 3 í heimili

1895

Gunnarsfólk 4 í heimili
Jónsfólk 3 í heimili
Jóns Davíðsson 49 .

1896

Gunnarsfólk 4 í heimili

Jónsfólk 3 í heimili

1897

Gunnarsfólk 4 í heimili

Jónsfólk 3 í heimili

Gunnar Jónss. 1 ár.

1898

Gunnarsfólk 4 í heimili

Ingibjörg Guðmundsd. 46 .

1901

Gunnar Gunnarss. 59 .

Guðlaug Vigfúsd. 44 .

Pórarinn Gunnarss. 18 .

Jón Hjörtur Jónss. 3 .

Steinunn Jónsd. 44 .

Gunnar Jónss. 4 .

1898

Í Jóhannshúsi eru þá

Jón Hjörtur Gunnarss.

Steinunn Jónsd.

Margrét

Gunnar

JónHjörtur Jónss. 1 ár.

1899

Gunnarsfólk 4 í heimili

Jónsfólk 5 í heimili

Helga Magnúsd. 22 .

1900

Gunnarsfólk 4 í heimili

Steinunn Jónsd. E. 43 .

Gunnar Jónsson 3 .

Jón Hjörtur Jónss. 2 .



